

framleitt ritverk, sem þýdd eru á flestöllum tungumál Norðurlanda og sem hafa einkum unnið hylli allra göfugra mentamanna. Hinn alkunni franski senator, Edouard Laboulaye, sem nú er látinn, og var viðurkendur fremsti maður í þjóðarétti, lét þá skoðun í ljósi, að í ritum Bandaríkjamannsins, Dr. Channings, væri sú guðfræðisstefna, sá andi og sú framsetning, sem von væri um, að yngt gæti upp og bætt hugsunarhátt frönsku þjóðarinnar. Og nú kemur hinn alþekkti franski rithöfundur, sem ritað hefir eftirfylgjandi grein, og sýnir með ljósum rökum, að áhrif Vesturheimsmanna hafi einnig hrifið á kaþólsku kirkjuna og páfavaldið, sem nú sé á leiðinni til að stjórna af hugsunarhætti Vesturheimsmanna.

*Formáli ritstj. Kringsjár.*

—O—

„Leo XIII. er efflaust sá af Norðurálfumönnum, sem mest er hrifinn af hugsun og stefnu Vesturheimsmanna. Það var frá Ameríku að hann varð fyrir þeim áhrifum, sem beindu honum leið á þá stjórnarstefnu, sem seinustu árin hefir verið undrun alls heimsins, og haft það markmið, að blása nýju lífi í kaþólsku kirkjuða og endurreisa veldi hennar í heiminum. Þaðan kom sá eldgneisti, sem bálaði upp í brjósti þessa stjórnsnillings.— Þaðan frá lærði hann að skilja samtíðina og kröfur hennar,— af samtali og ungengni við menn að vestan,— ameríska páfatrúarmenn, sem höfðu fengið nýja mentun þar vestra, er breytt hafði hinni gömlu páfatrúarstefnu þar. Leo skoðar Vesturheim sem framtíðarinnar land, og því sé það lífsnauðsyn fyrir kaþólsku kirkjuna að festa þar rætur og semja sig að síðum þeirrar þjóðar, sem beri framtíðina á herðum sér. Þetta er aðal-áhugamál hans. Hann hefir óbifandi trú á, að kaþólska kirkjan umskapist að ytra formi í Vesturheimi, og vaxi við það afl og andlegt atgervi, til þess að verða það, sem hún áður var, stór og voldug —heimili göfugs sálar aðals.

Kaþólsk kirkja í Vesturheimi, sem stjórnað er í anda Vesturheimsmanna, það er takmarkið, sem öldungurinn stefnir að, það er í hans augum björgunarvegurinn og sigurveonin fyrir kirkjuna og guðsríki.